

Föstudaginn 18. september 1992.

Nr. 268/1992. Trésmiðjan Reynir sf.

gegn

Íslandsbanka hf.,

Brunabótafélagi Íslands,

Byggðastofnun,

Iðnlánasjóði,

innheimtumanni ríkissjóðs á Akureyri,

Lífeyrissjóði trésmiða á Akureyri og

veðdeild Íslandsbanka hf.

Kærumál. Nauðungarsala. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Gunnar M. Guðmundsson og Guðmundur Skaftason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. júní sl. Samkvæmt 4. mgr. 97. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu sætir málið meðferð kærumála fyrir Hæstarétti eftir 1. júlí 1992. Málið hefur verið sótt og varið skriflega.

Sóknaraðili krefst þess, að annað og síðara uppboð á fasteigninni Furuvöllum 1 á Akureyri, sem fram fór í uppboðsrétti Akureyrar 29. maí sl., verði felld úr gildi „og málinu vísað heim til réttrar og löglegrar meðferðar“.

Af hálfu varnaraðilanna Brunabótafélags Íslands, Iðnlánasjóðs og veðdeildar Íslandsbanka hf. er krafist staðfestingar hins kærða uppboðs og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Af hálfu annarra varnaraðila eru ekki gerðar kröfur fyrir Hæstarétti.

Hinn 18. október 1991 var tekin fyrir í uppboðsrétti Akureyrar beiðni varnaraðilans Íslandsbanka hf. um nauðungaruppboð á fasteigninni Furuvöllum 1 á Akureyri, eign sóknaraðila. Nauðungaruppboð þetta hafði verið auglýst í 103., 109. og 117. tölublaði Lögbirtingablaðs 1991. Við þingfestingu málsins og í síðari þinghöldum voru lagðar fram uppboðsbeiðnir annarra varnaraðila. Málinu var frestað til 29. nóvember s. á. Fór þá fram sölutilraun, en síðan var málinu frestað til 7. febrúar 1992. Þá var málinu frestað

til 3. apríl s. á., en þann dag var því frestað til 29. maí s. á. Í þinghaldi þann dag fór fram annað og síðara uppboð. Að lokinni sölutilraun var málinu frestað til 24. júní, er þriðja og síðasta uppboð skyldi fara fram, en áður en til þess kæmi, skaut sóknaraðili öðru og síðara uppboði til Hæstaréttar.

Sóknaraðili reisir kröfu sína í málinu í fyrsta lagi á því, að sér hafi verið sýnd óbilgirni af hálfu þeirra varnaraðila, er synjað hafi beiðni hans um frestun málsins „til hausts“ í þinghaldi 29. maí. Málinu hafði, er hér var komið, verið frestað fjórum sinnum á rúmlega sjö mánuðum. Af hálfu sóknaraðila var ekki sótt þing fyrr en í þinghaldi 29. maí. Málsástæða þessi er ekki tæk.

Í öðru lagi reisir sóknaraðili kröfu sína á því, að í dagblaðsauglýsingu, er annað og síðara uppboð var auglýst, hafi ekki verið minnst á, að auk Furuvala 1 væru vélar og tæki uppboðsandlag.

Af gögnum málsins verður ekki ráðið, að á fyrrgreindu uppboði hafi verið leitað tilboða í vélar og tæki. Þegar af þeirri ástæðu hefur þessi málsástæða ekki við rök að styðjast.

Í þriðja lagi reisir sóknaraðili kröfu sína á því, að í þinghaldi uppboðsréttar, er fram átti að fara þriðja og síðasta uppboð á eigninni, sé nafn sóknaraðila skráð í uppboðsbók Trésmiðjan Reynir sf., enda þótt firmaheiti hans sé Reynir hf.

Samkvæmt veðbókarvottorði, sem liggur frammi í málinu, er þinglesinn eigandi Furuvala 1 á Akureyri Trésmiðjan Reynir sf. Er þessi málsástæða sóknaraðila því haldlaus.

Með vísan til þess, sem að framan er rakið, hefur krafa sóknaraðila í málinu við engin haldbær rök að styðjast, og er auðsætt, að málinu hefur verið skotið til Hæstaréttar í þeim tilgangi einum að hamla gegn eðlilegum framgangi þess í uppboðsrétti. Ber að átelja þetta.

Rétt er, að sóknaraðili greiði þeim varnaraðilum, sem tilgreindir eru í dómsorði, kærumálskostnað fyrir Hæstarétti eins og þar greinir.

D ó m s o r ð:

Dómkrafa sóknaraðila, Trésmiðjunnar Reynis sf., er ekki tekin til greina.

Sóknaraðili greiði varnaraðilunum Brunabótafélagi Íslands, Iðnlánasjóði og veðdeild Íslandsbanka hf. 30.000 krónur hverjum í kærumálskostnað fyrir Hæstarétti.